

**Ed.**

**326. Nefndarálit**

[159. mál]

um frv. til laga um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp til laga um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. fjallar annars vegar um framlengingu olíugjalds og hins vegar um álagningu sérstaks 4% útflutningsgjalds til að stofna Olíusjóð fiskiskipa vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa.

Olíugjald hefur frá upphafi verið umdeilt, einkum hafa sjómenn gagnrýnt það, enda haft í för með sér umtalsverða kjaraskerðingu þann tíma sem gjaldið hefur viðgengist.

Sjómannasamtökin hafa frá upphafi verið andvíg gjaldtöku þessari, sem tekin er fram hjá skiptum.

Vissulega skal viðurkennt að sífelld og hrikaleg hækkun olíuverðs hlýtur að skapa erfiðleika í sjávarútvegi. Þá erfiðleika verða fleiri að bera en sjómenn einir, en samkvæmt því sjóðakerfi, sem nú er að halda innreið sína á nýjan leik, er enn ráðist á kjör sjómanna. Í kjarasamningi sjómanna segir svo: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein.“ Ljóst má vera að verði þetta frumvarp samþykkt eru samningar ógiltir á svívirðilegan hátt.

Vert er að vekja athygli á því, að sjávarútvegsráðherra hefur hvað eftir annað lofað niðurfellingu olíugjalds, en jafnoft sviðið þau fyrirheit sín.

Hvað varðar 4% útflutningsgjald og fyrirhugaðan olíusjóð skal á það minnt, að á árinu 1976 var gert samkomulag um að leggja niður hið illræmda sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem lengi hafði viðgengist.

Með því frumvarpi, sem hér er til umræðu, er enn á ný haldið inn í frumskóg sjóðakerfisins. Þetta er ný leið til að skerða kjör sjómanna, — feluleikur, sem starfandi sjómenn skilja og finna á rýrnandi afkomu. Þessi kjaraskerðingarleið mun fyrr en síðar verða til þess, að sjómenn rísa upp og beita afli samtaka sinna til að ná fram réttmætum leiðréttingum.

Sjómannasamtökin hafa margoft lýst vilja sínum til að leita í samráði við hlutaðeigandi aðila nýrra og raunhæfari leiða til að sjá farborða rekstri þess undirstöðuáttvinnuvegar, sem sjávarútvegurinn er Íslendingum, og jafnframt bæta afkomu sjómanna. Bent hefur og verið á úrræði Færeyinga í hliðstæðum málum, þó ekki tíðkast að ráðast á kjör sjómanna til að leysa sameiginlegan vanda þjóðarinnar.

Það er skoðun Alþýðuflokksins að fráleitt sé að leggja aftur inn á braut sjóðakerfisins, og tekur flokkurinn undir þau sjónarmið sjómannasamtakanna, að leitað verði nýrra leiða til lausnar á þeim vanda sem við er að glíma.

Alþingi, 10. febr. 1983.

Karl Steinar Guðnason.